



## Verklagsreglur varðandi umgengni á lóðum

### 1. þrep verkferils – Fjarðabyggð

**Heimsókn:** Fyrsta aðgerð er heimsókn til lóðarhafa þar sem hann er beðinn um að bæta ástand á lóð sinni.

*Ítrekun - tvær vikur*

**Símtal:** Beðni um úrbætur verði síðan ítrekuð með samtali ef ekki er orðið við henni eftir heimsókn.

*Ítrekun - tvær vikur*

**Bréf:** Beri samtal ekki tilætlaðan árangur verði lóðarhafa sent bréf þar sem óskað er eftir að lóð sé hreinsuð og farið verði að ákvæðum samþykktar um umgengni og þrifnað utan húss.

*Ítrekun – tvær vikur*

**Byggingarfulltrúi:** Ef til frekari aðgerða þarf að koma er lagt til að skipulags- og byggingarfulltrúi skrifi ítrekun á fyrra bréfi þar sem vísað er í heimildir skipulagslaga varðandi það að landnotkun er ekki í samræmi við skipulag og ásamt því að vísað er í valdheimildir tengdar mannvirkjalögum og byggingarreglugerð s.s. ef hætta stafar af mannvirkjum.


*Ítrekun - fjórar vikur — eða samkvæmt samkomulag við lóðarhafa*

### 2. þrep verkferils – Heilbrigðiseftirlitið

Bæti lóðarhafi ekki ástanda á lóð í kjölfar aðgerða Fjarðabyggðar verður málinu vísað til heilbrigðisnefndar sem getur beitt þvingunarúrræðum sé talin ástæða til þess.

### 3. þrep verkferils - Þvingunarúrræði

Komi til beitingu þvingunarúrræða og hreinsun lóðar á kostnað eiganda verði lausafjármunum og úrgangi komið fyrir á geymslusvæði á vegum Fjarðabyggðar í hið minnsta þrjá mánuði. Flæði verkferils má sjá á mynd 1. hér að neðan.



Mynd 1. Flæði verkferils vegna slæmrar umgengni á lóðum.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar og falla jafnframt eldri reglur úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. október 2018

Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri